

Fundargerð svæðisráðsfundar Ægissvæðis starfsárið 2012 – 2013, þriðji fundur haldinn 27. apríl 2013 í umsjá Eldeyjar í Kiwanishúsinu í Kópavogi.

Fundarsetning. Svæðisstjóri Konráð Konráðsson setti fund kl. 9.00 og bauð fundarmenn velkomna. Svæðisstjóri minntist tveggja látinna félaga; Vilhjálms Óla Valsssonar, fyrrverandi félaga í Eldey, sem lést langt um aldur fram og Guðmundar Óla Ólafssonar félaga í Eldborg, umjónarmanns Tryggingasjóðs Kiwanis. Fundarmenn risu úr sætum í minningu þeirra.

Mæting. Mættir voru alls 31 fundarmenn, þ.a. 9 fulltrúar frá Eldey, 4 frá Eldborg, 1 frá Keili, 3 Hofi, 3 frá Hraunborg, 2 frá Setbergi, 6 frá Sólborg, 4 frá Vörðu.

Gullkorn: Forseti Eldeyjar, Ingólfur A. Steindórsson las úr bók Þráins Bertelssonar. „Einskonar ég“.

Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin var send á Internetið og var aðgengileg þar. Ekki var óskað eftir að hún væri lesin upp og var fundargerðin samþykkt án athugasemda.

Morgunverðarhlé.

Skýrsluskil klúbba í handahófsröð :

Eldey: Ingólfur Arnar Steindórsson
Setberg: Aage Petersen
Keilir: Jón Ragnar Reynisson í forföllum forseta
Sólborg: Emelía Dóra Guðbjartsdóttir
Hraunborg: Gunnþór Þ. Ingason
Varða: Hafdís Kjærnested Finnbjörnsdóttir
Hof: Guðmundur Th. Ólafsson
Eldborg: Jóhann A. Guðmundsson

Skýrsla Svæðistjóra Konráðs Konráðssonar

Umræður um skýrslur. Óskar Guðjónsson þakkaði góðar skýrslur og fjallaði um umræðuefni á fundum klubbanna s.s. um líkamsrækt o.þ.h. umræðuefni. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um skýrslur klúbba.

Kjör kjörsvæðisstjóra. Guðmundur Th. Ólafsson forseti Hofis kynnti félagi sinn Magnús Eyjólfsson, sem er einn í kjöri til kjörsvæðisstjóra 2014 – 2015. Þá var Jóhanna María Einarsdóttir, félagi í Vörðu, staðfest formlega með einróma kosningu í embætti svæðisstjóra 2013 – 2014.

Erindi frá fræðslunefnd. Hildisif Björgvinsdóttir formaður fræðslunefnar umdæmisins fór yfir nokkur formsatriði fundafrankvæmdar s.s. ávörp embættisheita, fjallaði um skýrsluskil og útfyllingu skýrslna, um mætingaviðurkenningar „enginn félagið getur öðlast meira en 100% mætingu.“ Kynningarefnið er aðgengilegt á vef umdæmisins. Hún minnti á að bera skal embættistákn á vettvangi Kiwanis.

Óskar Guðjónsson upplýsti um að unnið er á vegum heimsstjórnar að nýrri framsetningu skýrsluforma sem tilbúið verður 2015 á 100 ára afmæli Kiwanishreyfingarinnar. Fram kom ábending um nauðsyn tölvunámskeiðs vegna skýrsluvinnslu.

Önnur mál. Magnús þakkaði traust vegna kjörsvæðisstjórakjörs. Jóhanna Einarsdóttir fjallaði um sumarhátíð í Garði og um skipulag stjórnarskipta. Hildisif, verðandi umdæmisritari, „senda mynd og upplýsingar í útgáfu félagatals tímanlega fyrir umdæmisþing.“ Ingólfur S, Steindórsson

lagði fram upplýsingar um að hjartastuðtæki væru aðeins í 2 íþróttahúsum. Að bæta úr því væri þarft styrktarverkefni. Konráð las 3 bréf sem honum hafa borist vegna bingós, vegna tækjakaupa til Grensásdeildar og frá afmælisnefnd Grensásdeildar.

Fundarslit. Svæðisstjóri Konráð Konráðsson þakkaði góðar skýrslur og gögn á fundinum og fundarmönnum fundarsetu. Óskaði síðan fundarmönnum gleðilegs sumars. „Hlakka til að sjá ykkur að sumri loknu.“ Fundi slitið kl. 11:00

Arnaldur Mar Bjarnason